

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

Á eftir XII. kafla komi nýr kafli, svo hljóðandi:

XIII. KAFLI

Um öryggisráðstafanir við verklegar framkvæmdir o. fl.

94. gr.

Borgarstjórnin setur í sérstakri reglugerð, sem ráðherra staðfestir, ákvæði um öryggisráðstafanir í sambandi við verklegar framkvæmdir, að því leyti sem ekki er um slíkt fjallað í öðrum fyrirmælum laga og reglugerða. Þar skulu sett ákvæði til að stuðla að auknu öryggi almennings í sambandi við ýmiss konar mannvirkja-gerð og meðferð tækja og hættulegra efna eftir því sem þurfa þykir.

2. gr.

Núgildandi XIII. kafli verður XIV. kafli, og breytast greinanúmer í kaflanum í samræmi við 1. gr.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, nr. 85 30. maí 1962.

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögreglan og barnaverndarnefnd geta bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferð út í skip og báta á höfninni, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. nög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-

samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. marz 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir veiðifélag Landmannaafréttar, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Landmannaafréttar. Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

2. gr.

- a. Félagssvæðið tekur yfir öll vötn á Landmannaafrétti og afrennsli þeirra svo og frárennsli þeirra að Tungnaá, að undanskyldu Þórisvatni og Kirkjufellsvatni.
- b. Félagið nær til allra jarða í Holtahreppi, en þær eru: Árbæjarhellir, Árbær, Árbæjarhjáleiga, Heiðarbrún, Lyngás, Litla-Tunga I, Litla-Tunga II, Efri-Rauðalækur, Brekkur I, Brekkur II, Syðri-Rauðalækur, Arnkötlustaðir, Meiri-Tunga I, Meiri-Tunga II, Meiri-Tunga III, Þjóðólfshagi I, Þjóðólfshagi II, Fosshólar, Lýtingsstaðir, Hvammur, Nefsholt I, Laugaland með Nefsholti II, Gata, Marteinstunga, Hallstún, Bjálmholt, Ölversholt, Ölversholtshjáleiga, Pula, Kaldakinn, Mykjunes, Skammbeinsstaðir I, Skammbeinsstaðir II, Skammbeinsstaðir III, Skammbeinsstaðir IV, Þverlækur, Lækur I, Lækur II, Akbraut, Stúfholt I, Stúfholt II, Stúfholshjáleiga, Saurbær, Kaldárholt, Ketilsstaðir, Hagi, Guttormshagi, Kvíárholt, Hreiður, Raftholt, Gíslholt, Kambur.

Félagið nær til allra jarða í Landmannahreppi, en þær eru: Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Árbakki, Bjalli, Efra-Sel, Fellsmúli, Flagbjarnarholt efra, Flagbjarnarholt neðra, Galtalækur, Hellar, Heysholt, Hjallanes I, Hjallanes II, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hróflsstaðahellir með Tjörfastöðum, Húsagarður, Hvammur norðurbær með Árbæ og Hvammi III, Hvammur, suðurbær, Króktún, Leirubakki I, Lunansholt, Lækjarbotnar, Merkihovoll, Minni-Vellir, Múli með Litla-Klofa, Neðra-Sel, Réttarnes, Skarð með Skarðseli, Skarfanes, Snjallsteinshöfði, Stóri-Klofi, Borg, Eskiholt, Mörk, Ósgröf, Skarðstorfa, Stóru-Vellir, Yrjar, Vatnagarður, Vindás, Þúfa, Lunansholt II, svo og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

- a. Að viðhalda veiði í þeim vötnum, sem þegar er veiði í.
- b. Að rækta fisk í þeim vötnum, sem fisklaus eru, en talin eru vel fallin til fiskiræktar. Með því að stilla veiði í hóf. Flytja lifandi silung milli vatna, frjóvga hrogn og flytja á milli. Kaupa seiði og setja í vötn, þar til félagið hefur komið sér upp eigin klakstöð.